

1. fundur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga á árinu 2026 haldinn í fjarfundi 18. febrúar 2026, kl 12.00

Mætt voru Jóhann Birkir Helgason, formaður, Elísabet Samúelsdóttir og Jón Árnason. Bragi Þór Thoroddsen og Hrefna Jónsdóttir boðuðu forföll með skömmum fyrirvara og því gafst ekki tími til að boða varamenn í þeirra stað. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og vísaði til boðaðar dagskrár, sem væri einn liður, Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2025

Gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur FV 2025

Mætt til fundar Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur hjá Endurskoðun Vestfjarða. Formaður gaf Margréti orðið til að fara yfir niðurstöðu ársreiknings Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2025.

Rekstrartekjur nema kr 285.009.045,- og aðrar tekjur kr 3.450.872, - en rekstragjöld nema kr 291.412.565,-. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og tekjur er neikvæð, er nemur 2.952.648,-, nettó fjármagnstekjur nema kr 3.449.791,-. Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnstekna nemur kr 497.143 ,-.

Fastafjármunir nema kr 4.161.513,-, veltufjármunir kr 134.012.277,-, eignir alls kr 138.173.790,-.

Eigið fé kr 39.238.479,-. Langtímaskuld (Lífeyrisjóðskuldbinding) uppreiknuð í árslok 2025 kr 10.168.929,-, skammtímaskuldir kr 88.766.382., skuldir alls kr 98.935.311,-, eigið fé og skuldir alls kr 138.173.790,-.

Með reikningum fylgja skýringar og rekstrarreikningar fyrir deildir og gaf formaður Aðalsteini orðið. Hann kynnti efni minnisblaðs um einstaka rekstarliði og bar saman við endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025, yfirlit um verkefni úr varasjóði stjórnar og framkvæmd stærstu verkefna. Hann fór yfir einstaka liði efnahagsreiknings þ.m.t. einstaka liði innan skammtímaskulda.

Margrét tilgreindi að endurskoðun væri ekki lokið en til þessa hefðu ekki komið fram atriði sem gerðu tilefni til athugasemda. Stefnt væri að endurskoðun yrði lokið í byrjun næstu viku.

Margrét og Aðalsteinn svöruðu fyrirspurnum um einstök atriði ársreikningsins m.a. sjóðsstreymi.

Formaður gerði að tillögu að beina til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að samþykkja ársreikning fyrir árið 2025, með fyrirvara um endurskoðun gefi ekki tilefni til athugasemda. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.53.